

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Einarsnes – Einarsnes 64 og 66A – USK24090029.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 9. janúar 2025, breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðanna nr. 64 og 66A við Einarsnes. Í breytingunni felst að hækka þak sambyggðra bílskúra og lengja þá um 2 m til norðurs. Auk þess er gert ráð fyrir möguleika á tengingu bílskúrs við Einarsnes 66A og að rými undir núverandi útskagandi þakkanti á austurhlið bílskúrsins verði breytt í innirými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sólheimar 36 – USK24010104.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 29. janúar 2025, breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 36 við Sólheima. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir bílskúr er færður til vesturs og staðsettur í vesturhorni lóðar á mörkum Sólheima 34, 36 og Gladhheima 18, ásamt því að notkun hans er breytt í tómstundahús, og byggingarreitur fyrir íbúðarhús er færður neðar á lóðina til samræmis við núverandi íbúðarhús ásamt því að hægt verði að stækka húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. febrúar 2025.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2025